

Tillaga lögð fram á bæjarstjórnarfund 16. ágúst 2018
Flutningsaðili: Sara Dögg Svanhildardóttir

Gagnsærri stjórnsýsla

Garðabæjarlistinn leggur til að bæjarstjórn feli yfirmönnum bæjarfélagsins alfarið um að taka ákvarðanir um launað námsleyfi almennra starfsmanna Garðabæjar í hvaða formi sem sótt er um slíkt í samráði við mannauðstjóra og fjármálasvið bæjarins. Þannig verði horfið frá því að kjörnir fulltrúar komi með beinum hætti að aðstöðu einstakra starfsmanna. Garðabæjarlistinn leggur því til samhliða þessari breytingu að í fjárlögum sé gert ráð fyrir fjármagni í endurmenntun almennra starfsmanna. Garðabæjarlistinn leggur fram reikniaðgerð með tillögunni sem leiðir til þess að það liggi fyrir hvaða fjárveiting er í boði ár hvert til að mæta slíkum umsóknum og óþarft að ákvörðun um starfskjör einstaka starfsmanna fari fyrir kjörna fulltrúa.

Greinargerð

Tillaga Garðabæjarlistans er hluti af áherslu á gagnsærri og faglegri stjórnsýslu þar sem m.a. kjörnir fulltrúar eru ekki að fara með ákvarðanir sem auðvelt er að setja inn í ferla stjórnsýslunnar með skýrum reglum um framkvæmd. Þess vegna leggjur Garðabæjarlistinn til að bætt verði við núverandi reglur í mannauðsstefnu, um hvernig sí og endurmenntun er fjármögnuð og hvernig úthlutun fer fram. Það er mikilvægt að það sé gert með miðlægum hætti til að tryggja jafnræði milli starfsmanna óháð því hvar þeir starfa. Og um leið að gera beina aðkomu kjörinna fulltrúa óþarfa með sterkri og faglegri stjórnsýslu.

Framkvæmd og fjármögnun

Á fjárhagsáætlun hvers árs skal bæjarstjórn marka fjárheimildir til sí- og endurmenntunar starfsmanna. Stefnt skal á að sú fjárhæð nemi um 0,7% af áætluðum launum og launatengdum gjöldum sveitarfélagsins viðkomandi ár, að frádregnum lífeyrisskuldbindingum. Ákvörðun um hlutfallið skal bæjarstjórn taka árlega við gerð fjárhagsáætlunar og bóka í fundargerð.

Fjármagnið skal nýta til greiðslu beins kostnaðar vegna námsins, svo sem námskeiðs- og ráðstefnugjalda, kaupa á fræðsluefni og leigu á aðstöðu til námskeiðahalds. Utan við fjármögnun sjóðsins er kostnaður vegna ferða og gistingar starfsmanna.